

## Sérstakir viðburðir

Leikskólinn opnar eftir sumarlokun

Miðvikudaginn 8. ágúst 2018 byrjar leikskólinn aftur eftir sumarlokun.

### Fjöruferð

Í september er farið í fjöruferð með elstu þrjá árganga leikskólans. Yngri börnin eru velkomin með í fylgd foreldris. Ferðin er mikil reynsla og tilbreyting fyrir börnin. Vikurnar á eftir er unnið út frá þeirri reynslu í leikskólanum og rætt um lífríki fjöru og sjávar og unnið með þann efnivið sem börnin safna í fjöruferðinni.

### Ömmu- og afakaffi

Í nóvember er ömmu- og afa kaffi. Þá bjóða börnin ömmum og öfum sínum að koma í heimsókn, eða öðrum góðum gesti ef engin amma eða afi kemst í heimsókn. Markmið þessarar heimsóknar er að efla tengsl leikskólans við fjölskyldur barnanna og gefa börnunum tækifæri til að sýna mikilvægum manneskjum í sínu lífi leikskólann sinn.

### Litlujól og jólaföndur

Leikskólinn heldur sín litlujól stuttu fyrir jólafrí. Foreldrafélag Barnaborgar hefur einnig staðið fyrir jólaföndri þar sem börn, foreldrar og starfsfólk leikskólans eiga saman notalega stund.

### Foreldrakaffi

Í apríl bjóða börnin foreldrum í leikskólanum. Þá er hluti af verkefnum vetrarins til sýnis og börnin munu syngja nokkur lög. Foreldrakaffið er nokkurs konar uppskeruhátíð starfsársins, en einnig tækifæri til að efla tengsl starfsfólks og foreldra.

### Útskriftarferð

Á hverju vori á Barnaborg í samstarfi við Krílabæ, Yl í Mývatnssveit og Tjarnarsel í Ljósavatnsskarði um útskriftarferð barna í elsta árgangi leikskólans.

### Sveitaferð

Í maí er farið í sveitaferð með þrjá elstu árganga leikskólans. Yngri börnin eru velkomin með í fylgd foreldris. Vikurnar á undan og á eftir er rætt og unnið með sauðburð og íslensku húsdýrin í leikskólanum. T.d. með því að lesa bækur um húsdýrin, ræða um þau í samverustundum, mála, lita og skapa á annan hátt.